



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Föstudaginn 9. júní 2023 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Erla María Lárusdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir ásamt Arnari Ólafi Viggóssyni varamanni og Alexöndru Jóhannesdóttur sveitarstjóra.

Ólafur Þór Ólafsson verkefnastjóri fjármála sat fundinn undir 1.-3. dagskrárlið.

Jón Ólafur Sigurjónsson slökkviliðsstjóri sat fundinn undir 6. dagskrárlið.

Kristinn Vilbergsson sat fundinn undir 8. dagskrárlið.

Kjartan Ingvarsson sat fundinn undir dagskrárlið 9. c).

Oddviti stjórnaði fundi, sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Rekstrar- og fjárfestingayfirlit jan-apríl 2023

Fyrir fundinum lá rekstrar- og fjárfestingayfirlit vegna jan-apríl 2023 sem verkefnastjóri fjármála fór yfir og útskýrðu. Voru yfirlit lögð fram til kynningar.

2. Tímabilsyfirlit launa jan-maí 2023

Fyrir fundinum lá tímabilsyfirlit launa vegna jan-maí 2023 sem verkefnastjóri fjármála fór yfir og útskýrðu. Var yfirlitið lagt fram til kynningar.

3. Bráðabirgðaálagning fasteignagjalda 2024

Fyrir fundinum lá bráðabirgðaálagning fasteignagjalda vegna 2024 sem verkefnastjóri fjármála fór yfir og útskýrði. Var bráðabirgðaálagningin lögð fram til kynningar.

4. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir helstu málefni og verkefni sem hafa verið unnin á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Var skýrslan flutt munnlega og til kynningar.



5. Staða framkvæmda

Sveitarstjóri fór yfir stöðu framkvæmda sumarsins munnlega og til kynningar.

6. Slökkvilið – gjaldskrá

Fyrir fundinum lágu drög að gjaldskrá vegna Slökkviliðs Skagastrandar sem að slökkviliðsstjóri fór yfir og útskýrði. Var gjaldskráin borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

7. Sorphirða – útboð

Fyrir fundinum lágu drög að útboðsgögnum og tilboðsskrá vegna sameiginlegs sorpútboðs Sveitarfélagsins Skagastrandar, Húnaþings vestra og Skagabyggðar. Útboðsgögn og tilboðsskrá voru lögð fram til samþykktar með áorðnum breytingum og samþykkt samhljóða.

8. Herring Hotel

Á fund sveitarstjórnar mætti Kristinn Vilbergsson forsvarssmaður Fasteignafélagsins Þingeyri ehf. sem fór yfir stöðu mála varðandi uppbyggingu Herring Hótel í gömlu síldarverksmiðjunni á hafnarsvæði sveitarfélagsins og næstu skref. Næsti stöðufundur er áætlaður í ágúst.

9. Bréf

a. Fræðslustjóra og skólastjóra Barnabóls dags. 11. maí 2023

Efni: Beiðni um aukið stöðugildi á leikskóla

Fyrir fundinum lá umsókn leikskólastjóra Barnabóls um aukið starfshlutfall á leikskóla vegna stuðnings fyrir nemendur skólaárið 2023-2024. Umbeðinn stuðningur nemur alls 16 klst. á dag. Fræðslustjóri sveitarfélagsins tekur undir tilgreinda stuðningsþörf. Niðurstöður greininga styðja aukna þjónustupörf og er snemmtæk íhlutun talin nauðsynleg til að styðja við þroska og farsæld barnanna.

Var umbeðin beiðni um aukið starfshlutfall lögð fram til samþykktar og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum. Kostnaður vegna aukningarinnar rúmast ekki innan samþykkrar launaáætlunar vegna 2023 og er vísað til viðauka. Kostnaði vegna aukningar sem fellur til á vorönn 2024 er vísað til gerðar fjárhagsáætlunar 2024.



b. Skólastjórnendur Höfðaskóla dags. 25. maí 2023

Efni: Tillaga að 5 ára framkvæmdaáætlun

Fyrir fundinum lá greinargerð skólastjórnenda þar sem lögð er fram tillaga að framkvæmdaáætlun vegna Höfðaskóla og er framkvæmdum skipt í þrjá flokka og metið æskilegt að ráðast í tilgreindar framkvæmdir á næstu 1-5 árum. Var greinargerð vísað til vinnslu fjárhagsáætlunar 2024.

c. Félags- og skólaþjónustu A-Hún dags. 31. maí 2025

Efni: Beiðni um aksturþjónustu

Fyrir fundinum lá beiðni um akstursþjónustu á grundvelli reglna sveitarfélagsins um akstursþjónustu við fólk með fötlun í Sveitarfélaginu Skagaströnd sem samþykktar voru á fundi sveitarstjórnar þann 27. september 2022. Umsóknin er staðfest af ráðgjafa Félags- og skólaþjónustu sveitarfélagsins. Óskað er eftir 20 ferðum að jafnaði á mánuði í 9 mánuði frá ágúst 2023 fram til maí 2024.

Var tilgreind beiðni lögð fram til samþykktar og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum. Kostnaður vegna akstursþjónustu rúmast ekki innan áætlunar ársins og er vísað til viðauka. Kostnaði vegna akstursþjónustu sem fellur til 2024 er vísað til gerðar fjárhagsáætlunar 2024.

d. Kjartan Ingvarsson f.h. Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið dags. 6. júní 2023

Efni: Þátttaka í tilraunaverkefni vegna fráveituf framkvæmda

Á fund sveitarstjórnar mætti Kjartan Ingvarsson lögfræðingur hjá Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytinu fyrir hönd ráðuneytisins til þess að ræða þátttöku sveitarfélagsins í tilraunaverkefni varðandi nýja nálgun í uppbyggingu fráveitna og fjármögnun á slíkum verkefnum. Sveitarfélagið er mjög jákvætt fyrir því að taka þátt í slíku verkefni og fól sveitarstjóra að vinna að áfram að málinu í samstarfi við ráðuneytið.

10. Fundargerðir

a. Stjórnar SSNV dags. 2. maí 2023

Fundargerð var lögð fram til kynningar.

b. Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 17. maí 2023

Fundargerð var lögð fram til kynningar.



c. Hafnar- og skipulagsnefndar dags. 22. maí 2023

Fyrir fundinum lá fundargerð Hafnar- og skipulagsnefndar dags. 22. maí 2023. Eftirfarandi var bókað undir lið 1. b) og c):

Lóðablöð til staðfestingar

i. Oddagata 12-18

Fyrir fundinum lá yfirlitsblað fyrir lóðir að Oddagötu 12-18. Á fundi nefndarinnar þann 21. febrúar sl. var afgreidd umsókn Snæs ehf. um úthlutun á iðnaðarlóð að Oddagötu 16 til byggingar á skemmu. Lóðablöðin sem lágu fyrir fundinum voru unnin af Verkfræðistofunni Stoð og dags. 08.09.2011. Hafnar og skipulagsnefnd staðfestir lóðamörk Oddagötu 12-18 en að sett verði kvöð um að þær lagnir sem eru fyrir á lóðinni að Oddagötu 16 verði óbreyttar.

ii. Hólaberg 6-10

Fyrir fundinum lá yfirlitsblað fyrir lóðir að Hólabergi 6-10. Á fundi nefndarinnar þann 7. nóvember sl. var umsókn Maciej Bauer um úthlutun lóða til byggingar á frístundahúsum að Hólabergi tekin til umfjöllunar en afgreiðslu frestað. Eftir samtal við umsækjanda kom á daginn að umræddar lóðir sem umsækjandi sækist eftir eru lóðir að Hólabergi 6-10 og endurspeglja lóðablöðin lóðamörk þeirra lóða. Lóðablöðin sem lágu fyrir fundinum voru unnin af Verkfræðistofunni Stoð og dags. 15.05.2023. Hafnar og skipulagsnefnd staðfestir lóðamörk Hólabergs 6-10 og samþykkir fyrri umsókn Maciej Bauer varðandi úthlutun á lóðunum að Hólabergi 6-10.

b. Umsóknir um lóðir til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis

i. Hólanesvegur 6

Fyrir fundinum lá umsókn Hrannar Hákansson um úthlutun lóðar að Hólanesvegi 6 dags. 9. maí 2023. Á tíma umsóknar er lóðin ekki laus til úthlutunar.

Lóðinni var fyrst úthlutað til Guðjóns Bjarnasonar f.h. Geymdar ehf. á fundi hafnar- og skipulagsnefndar þann 28. október 2019 og endurúthlutað á fundi nefndarinnar þann 6. október 2020 þar sem framkvæmdir höfðu ekki hafist innan árs frá úthlutun eins og gert var ráð fyrir.

Nefndin samþykkti á sínum tíma að endurúthluta lóðinni til Guðjóns Bjarnasonar háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Að framkvæmdir verði hafnar innan 6 mánaða og að húsið hafi hlotið fokheldisvottorð innan tveggja ára frá úthlutun lóðar.
2. Að þar sem að verið sé að byggja í gömlu hverfi þá verði að fara fram grenndarkynning á aðaluppdráttum hússins áður en byggingaráform verða samþykkt. Umræðar komu fram um efasemdir hjá nefndarmönnum um að útlit og húsgerð falli ekki að núverandi umhverfi.

Grenndarkynning var send út 24. júní 2022 og gefinn frestur til að gera athugasemdir við tillögunar til 4. júlí 2022. Engar athugasemdir bárust.



Grenndarkynningu lauk því fyrir um 10 mánuðum síðan. Byggingafulltrúa hafa ekki borist aðaluppdrættir af umræddu húsi en hefur verið upplýstur um vilja lóðarhafa til að gera ákveðnar breytingar á þeim hugmyndum sem lagðar voru fyrir í grenndarkynningu og byggja húsið í tveimur hlutum.

Í ljósi alls ofangreinds er það mat nefndarinnar að það sé rétt að innkalla lóðina og auglýsa til úthlutunar að nýju. Reglur sveitarfélagsins um úthlutun byggingalóða síðast breytt þann 8. mars 2023 gildi við lóðaúthlutun og gefst Hrönn Hákansson og öðrum áhugasömum aðilum þá tækifæri til þess að sækja um lóðina háð þeim skilyrðum sem þar koma fram.

ii. Ránarbraut 2-8.

Fyrir fundinum lá umsókn Grétars Sigfinns Sigurðarsonar f.h. Verkstjórnar ehf. um úthlutun á lóðum að Ránarbraut 2-10 til uppbyggingar á íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu. Búið er að úthluta og byggja hús á Ránarbraut 10 og eru Ránarbraut 2-8 því lausar til úthlutunar. Í umsókn umsækjanda kemur fram að áætlaður byrjunartími framkvæmda sé haustið 2023 og að áætlaður byggingatími sé 12 mánuðir. Sveitarstjóri fór yfir aðdraganda og aðkomu HMS að verkefninu en búið er að semja við Leigufélagið Bríet og Brák um kaup á fjórum íbúðum. Vertaki hyggst reisa fjórar íbúðar til viðbótar til að selja á almennum markaði. Húsin verða gerð með tímureiningum, klædd með ljósri furu og dökkgrárrí bárujárnsklæðningu.

Nefndin ræddi framlagða umsókn og samþykkti úthlutun á lóðunum að Ránarbraut 2-8 til Verkstjórnar ehf.

Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslur Hafnar- og skipulagsnefndar samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

Undir lið 1. d) var eftirfarandi bókað:

d. Ræktunarlönd

Sveitarstjóri upplýsti nefndina um ástand og stöðu ræktunarlönda sveitarfélagsins. Ræktunarlöndin eru leigð til slægna og beitar og eru önnur not óheimil nema með sérstökum samningi þar um. Var því beint til sveitarstjórnar að nauðsynlegt sé að gera úttekt á því hvernig notkun á ræktunarlöndunum er hagað og hafa samband við þá aðila sem ekki standast ákvæði gerðra samninga. Þá þarf að gera uppfært yfirlit yfir þau ræktunarlönd sem eru í notkun en eitthvað hefur borið á því að ræktunarlönd séu nýtt í leyfisleysi án leigugreiðslna.

Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Hafnar- og skipulagsnefndar samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.



2. Málefni hafnar

a. Dráttarbraut

Nefndin ræddi stöðuna á dráttarbraut sveitarfélagsins en nauðsynlegt er að fara í viðgerðir á brautinni til þess að hún sé nothæf. Var því beint til sveitarstjórnar að gera úttekt á ástandi dráttarbrautar og kostnaði við nauðsynlegar viðgerðir.

Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Hafnar- og skipulagsnefndar samhljóða með fimm greiddum atkvæðum. Var sveitarstjóra falið að láta meta umfang og kostnað nauðsynlegra framkvæmda.

d. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 17. maí 2023

Fundargerð var lögð fram til kynningar.

11. Önnur mál

Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.13:55

Halldór Gunnar Ólafsson

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Erla María Lárusdóttir

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Arnar Ólafur Viggósson

Alexandra Jóhannesdóttir